

Aettingjaleit

Á þessu ári eru 150 ár síðan langlangafi minn Ólafur Jónsson og kona hans, Oddný Ólafsdóttir, fluttu að Sveinsstöðum í Þingi. Ólafur var sonur Jóns Péturssonar, síðar prests í Steinnesi, og konu hans, Elisabetar Björnsdóttur, prests í Bólstaðarhlíð, Jónssonar, þess sem Bólstaðarhlíðarætt er komin frá. Oddný, kona Ólafs, var dóttir Ólafs Björnssonar, bónda á Litlu-Giljá.

Þessi 150 ár hafa afkomendur þeirra hjóna búið á Sveinsstöðum í beinan karlegg og er ég sá fimmti í röðinni. Tel ég fullvist að það séu ekki margar jarðir hér á landi sem undanfarin 150 ár hafa verið setnar af sömu ætt í beinan karlegg, en gaman væri að fréttu af því. Þessu til viðbótar má geta þess að langamma mín, Þorbjörg Kristmundsdóttir frá Kólugili í Viðidal, kona Jóns Ólafssonar, var af þeirri ætt sem setið hafði á Sveinsstöðum frá því um 1700. Get ég því sagt að forfeður mínir hafi samfellt setið Sveinsstaði í tæpar þrjár aldir.

Niðjamót og niðjatal

Ákveðið er að minnst þessarar 150 ára búsetu með því að efna til niðjamóts Ólafs og Oddnýjar og verður það haldið 5. og 6. ágúst í sumar. Samhliða er verið að taka saman niðjatal þeirra hjóna. Þessi grein er skrifuð til þess að vekja athygli á þessu máli og reyna að ná til þeirra ættingja sem hugsanlega hefðu hug á að mæta á niðjamótið og vilja láta í té upplýsingar vegna niðjatalins. Dagskrá mótsins hefur ekki endanlega verið samín, en allar hugmyndir eru vel þagnar.

Fjórtán börn og fjöldi afkomenda

Oddný og Ólafur áttu 14 börn og komust 10 þeirra upp. Þau voru þessi: Elstur var Jón, bóndi á Sveinsstöðum, langafi minn. Meðal afkomenda hans má nefna Friðrik Pál Jónsson, fréttamann á Ríkisútvarpinu, og Guðrúnu Halldórsdóttur, skólastjóra Námsflokka Reykjavíkur. Annað barn var Elisabet. Dóttir hennar, Kristín, giftist Stefáni Þórðarsyni Guðjohansen, kaupmanni á Húsavík. Meðal afkomenda þeirra eru Einar Örn Stefánsson fréttamaður, Arnór Guðjohansen knattspyrnumaður og Oddur Einarsson, fyrrum prestur á Skagaströnd og forstöðumaður atvinnuáttaks á Suðurnesjum. Þriðja barn var Gróa Ólafsdóttir.

Sonur hennar var Jón Kristjánsson nuddlæknir og meðal afkomenda er Bogi Ágústsson, fréttastjóri Sjónvarps. Fjórtða barn var Þórunn, sem dó í Ameríku. Líklega eru engir afkomendur hennar á lífi. Fimmta barn var Ólafur söðlasmiður, sem dó í Ameríku. Meðal afkomenda hans er Auður Júlíusdóttir, kona Friðriks Ólafssonar stórmeistara. Sjötta barn var Oddný sem giftist Vigfúsi Melsted Guðmundssonar, prests á Melstað. Meðal afkomenda þeirra er Guðmundur Garðar Artursson bankastarfsmaður. Sjöunda barn var Sigríður. Afkomendur hennar eru í Ameríku. Áttunda barn, sem upp komst, var Elín, sem giftist Metúsalem Einarssyni, bónda á Burstafelli í Vopnafirði. Meðal afkomenda þeirra eru: Sigurjón Friðriks-son, bóndi í Ytri-Hlíð í Vopnafirði, og Gestur Einar Jónasson, útvarpsmaður á Akureyri, og Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur. Niunda barnið var Böðvar, sem fór til Ameríku ásamt fjölskyldu sinni. Tíunda barnið var Björn, gullsmiður í Reykjavík, kvæntur Sigríði Vilhelminu Jónsdóttur.

Mikill félagsmálamaður

Ólafur Jónsson bjó á Sveinsstöðum til dauðadags 1873. Hann var hreppstjóri sveitarinnar og tók mikinn þátt í félagsstörfum auk þess að vera dugandi bóndi. Hann var þingmaður Húnavetninga eitt kjörtímabil en sóttist ekki eftir endurkjöri vegna heilsubreysts. Hann var sæmdur heiðurskrossi dannebrogsmanna.

Ólafslundur

Til þess að undirstrika hve Ólafur var mikilmetinn frammamaður hér um slóðir má geta þess að um 1940 þegar félagsamtök hér í sveit hófu skógrækt og góðursettu lítinn lund var hann skírður Ólafslundur til þess að halda nafni Ólafs Jónssonar á Sveinsstöðum á lofti. Ólafur var m.a. einn aðalhvatamaðurinn að stofnun Búnaðarfélags Sveinsstaðahrepps, en hafist var handa um ræktun Ólafslundar í tengslum við 75 ára afmæli Búnaðarfélagsins. Þessi lundur er sunnan í hól fast við Norðurlandsveginn. Þar hefur nú verið gerður áningarstaður sem er mjög vinsæll af ferðamönnum.

Magnús Ólafsson,
Sveinsstöðum



Niðjamót Sveinsstaðarættarinnar er fyrirhugað í sumar.

ÚTSALA

í blómabúð

POTTABLÓM
20-50% afsláttur

GJAFAVÖRUR
20-75% afsláttur

POTTAHLÍFAR
20-50% afsláttur

TILBOÐ
í húsgagnadeild

Opið 10-19
alla daga

GARÐSHORN
við Fossvogskirkjugarð – sími 40500

STÓRA BÓKAVEISLA FJÖLVA í fullum gangi á Grensásvegi 8

Ævintýralegt tækifæri

Komið öll fjölskyldan. Reynið heppnina í ævintýralega hagstæðum kaupum



Ótrúlegt úrval bóka á vægu verði um listir, náttúrufræði, veraldarsögu, tónlist, byggingarlist, heimsstyrjaldarsögu, málara list, byggingarlist, skáldsögur, ljóð, þjóðlegur fróðleikur, ævisögur og samtíðarbækur.

UNDRÁHEIMUR FYRIR BÖRN. Þau mega skoða hundruð ævintýrabóka, allar teiknisögurnar um Tinna, Prins Valiant, Astrik, Lukku-Láka og Hringadróttin. Skemmtileg heili fyrir börnin.

Hagstæðustu bóka kaup sem hægt er að gera!!

Opið virka daga kl. 12-6, laugardaga kl. 10-5, sunnudaga kl. 1-5